

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundur í stjórn BsVest sameiginlegur með verkefnahóp BsVest. Haldinn 7. febrúar 2012 kl. 13.00. Fundurinn er haldinn í fjarfundabúnaði og tengdir voru Ísafjörður, Patreksfjörður og Hólmavík. Mætt voru á Patreksfirði, Arnheiður Jónsdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir (vara formaður) og Elsa Reimarsdóttir. Á Ísafirði voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Ómar Már Jónsson, Margrét Geirsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir og Sigurður Pétursson. Á Hólmavík voru Hildur Jakobína Gísladóttir og Jón Jónsson. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, sem einnig ritaði fundargerð.

Friðbjörg Matthíasdóttir varaformaður setti fundinn í forföllum formanns Albertínu F Elíasdóttur og tilkynnti að Guðfinna Hreiðarsdóttir sæki fundinn í hennar forföllum.

Upphaf fundarins tafðist vegna tæknilegra vandamála. Gengið til dagskrár sem send var út með tölvupósti ásamt gögnum.

Formaður gaf verkefnisstjóra orðið.

1. Fjárhagsáætlanir :

a. Farið yfir helstu atriði fjárhagsáætlana.

Verkefnisstjóri fór yfir samantekt á fjárhagsáætlun fyrir BsVest vegna ársins 2012 sem byggir á fundum verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra með fulltrúum félagsþjónustusvæðanna. Um er að ræða samantekt á áætlunum svæðanna. Niðurstaða ársins 2011 liggur ekki fyrir þar sem uppgjör útsvars ársins er ekki lokið. Í umræðu kom fram að það mat að mismunandi nálgun sé viðhöfð við gerð þessara fjárhagsáætlana. Stjórn óskar eftir að fá sendar áætlanir og greinargerðir hvers svæðis fyrir sig ásamt samantekt. Stjórn kallar eftir því að reynt verði að samræma aðferðarfræði við mat á mismunandi liðum fjárhagsáætlunar. Stjórn vísar umfjöllun um fjárhagsáætlun 2012 að nýju til verkefnahóps, verkefnastjóra og framkvæmdastjóra.

b. Félagþjónustusvæðin fara yfir helstu verkefna á sínu svæði.

i. Félagþjónusta Ísafjarðarbæjar

Margrét Geirsdóttir, fór yfir greinargerð með áætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2012. Meginþungi þjónustu BsVest er hjá sveitarfélaginu og mikil vinna hefur verið við innleiðingu verkefnisins jafnt á félagsþjónustusviði og á stoðeildum. Kom fram í máli Margrétar að það sé nauðsynlegt að halda umsýslukostnaði eða millifærslum eins og Ísafjarðarbær nefnir þær, til haga og taka tillit hans í fjárhagsáætlunum.

ii. Félagþjónusta Stranda og Reykhóla

Hildur Jakobína Gísladóttir, lýsti uppbyggingu nýrrar félagþjónustu Stranda og Reykhóla, sem mikil vinna hefur farið í samhliða uppbyggingu málefna fatlaðra. Fjárhagsáætlun 2012 væri á lokastigi og vildi hún vísa umfjöllun um fjárhagsáætlun til verkefnahóps samkvæmt samþykkt stjórnar undir 1. lið.

iii. Félagþjónustan Vestur Barðastrandasýslu

Elsa Reimarsdóttir, fór yfir greinargerð með áætlun félagþjónustusvæðisins.

iv. Félagþjónustan við Djúp.

Guðný Hildur Magnúsdóttir, lýsti nálgun svæðisins á fjárhagsáætlunargerð, tekin er mið af ramma sem settur var fyrir að hálfu svæðisskrifstofu. Umsýslukostnaður er ekki reiknaður inn í áætlunina og myndi áætlun hækka miða við það, hér yrði að samræma aðferðarfræði.

Rætt um hvernig beri að reikna umsýslukostnað, framkvæmdastjóri og verkefnastjóri kynntu að sótt hefur verið eftir upplýsingum frá öðrum félagþjónustusvæðum en þær hafa ekki borist. Rætt var um að hluti af umsýslukostnaðinum hafi ekki skilað sér til sveitarfélagana s.s. kostnaður sem var til hjá Fjárýslu ríkisins.

2. Breytingarkostnaður 2011 og greiðsla vegna lengdrar viðveru.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiddi undir lok árs 2011, annars vegar vegna breytingarkostnaðar við innleiðingu málaflokksins innan stjórnarsýslu sveitarfélaga kr 6.098.901. Hinsvegar vegna lengdrar viðveru barna í grunnskóla og framhaldsskóla kr 1.136.998. Kom fram álit fundarmanna að sá breytingarkostnaður sem BsVest er úthlutað er allof lágur og er ekki í samræmi við þann kostnað sem sveitarfélögin hafa lagt út.

Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri fóru yfir aðferðarfræði um skiptingu breytingarkostnaðar á tveim mismunandi forsendum það er, samkvæmt skiptingu stöðugilda á yfirstjórn við flutning málaflokksins eða samkvæmt reglu um skiptingu rekstrarframlaga til félagsþjónustusvæða. Stjórn samþykkir að beita skiptinu samkvæmt rekstrarframlögum en með föstum lágmarkskostnaði kr 250.000. Hlutdeild hvers félagsþjónustusvæðis í breytingarkostnaði verði því sem hér segir;

Félagsþjónustusvæði	Hlutdeild	Lágmarksgr		Samtals
Ísafjarðarbær	89,60%	250.000	4.568.615	4.818.615
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	7,72%	250.000	393.635	643.635
Félagsþjónusta við Djúp	2,21%	250.000	112.686	362.686
Félagsþjónusta í Vestur Barðastrandasýslu	0,47%	250.000	23.965	273.965
	100 %	1.000.000	5.098.901	6.098.901

Lögð fram tillaga um greiðslu á lengdri viðveru vegna fatlaðra barna í grunnskóla 5-10 bekk og í barna í framhaldsskóla. Ísafjarðarbær er eina sveitarfélagið sem hefur veitt framangreindra þjónustu og samþykkt að framlag í heild sinni gangi til sveitarfélagsins kr. 1.136.998 en kr. 270.000 fari til lækkunar á kostnaði skammtíamavistunarinnar þar sem hún sinnti þjónustunni fyrir menntaskólabörn.

3. Reglur um skammtíamavistun

Lagðar fram reglur um skammtíamavistun á vegum BsVest, með reglunum fylgir bókun stjórnar sem samþykkt var á fundi 25. nóvember 2011. Reglurnar voru unnar af verkefnahóp og verkefnastjóra og hafa farið til umsagnar í félagsmálanefndum sveitarfélaganna og hagsmunasamtaka. Fram komu athugasemdir hagsmunaaðila eftir að reglur voru afgreiddar af stjórn þann 25. nóvember s.l. og tók verkefnahópur þær að nýju til skoðunar á fundi þann 18. janúar s.l. og leggur þær hér að nýju fram til stjórnar.

Stjórn samþykkir reglur um skammtíamavistun ásamt bókun frá fundi 25. nóvember 2011 og felur verkefnastjóra að senda félagsþjónustusvæðunum reglurnar eins og þær voru samþykktar og þau munu kynna þær foreldrum og aðstandendum.

4. Reglur um stuðningsfjölskyldur

Kynnt drög að reglum um stuðningsfjölskyldur sem eru í vinnslu. Stjórn samþykkir tillögu um að reglunum verði vísað til umsagnar félagsmálanefnda sveitarfélaga og hagsmunasamtaka eftir að verkefnahópur BsVest hefur lokið vinnu sinni við reglurnar.

5. Önnur mál

Lagt fram bréf BsVest, dags 29. desember 2011 til velferðarráðherra. Í bréfinu er óskað eftir fundi með velferðarráðherra til að fá fram svör um hvort framlög til starfssvæðis BsVest verði leiðrétt vegna ársins 2011. Lýst er þeirri skoðun að Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum hafi haft um 16 mkr til ráðstöfunar umfram sem sett var fram í áætlun til BsVest í desember 2010. Fjármagn til starfseminnar á árinu 2011 hafi því verið vanáætlað strax í upphafi, staðfesting á því kom síðan fram í greinargerð Stjórnháttu ehf, frá 4. nóvember

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

2011, um kostnaðargreiningu þjónustu við fatlað fólk árið 2010 og tillögur um jöfnun fyrir árið 2012, þar sem áætlað að framlög til BsVest hækki verulega frá árinu 2011.

Lagt fram bréf velferðarráðuneytis dags 31. janúar 2012, sem er svar ráðherra við bréfi BsVest 29. desember. Fer ráðuneytið yfir efni málsins og kemst að þeirri niðurstöðu að hafna beiðni um viðræður. Ráðuneytið bendir hinsvegar á að taka megí málið upp á grundvelli 11. gr samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu málaflokksins, en samkvæmt ákvæðum 11. gr getur slík vinna ekki hafist fyrr en árið 2013, auk þess bendir ráðuneytið á samráðsnefnd sem skipuð er samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, nr 152/2010. Nefndinni er ætlað að fjalla um vafamál og álitafni sem upp geta komið við yfirfærslu málaflokksins.

Verkefnastjóri kynnti að svör ráðuneytisins hafa verið kynnt formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, formanni samráðsnefndar og einstökum nefndarmönnum. Að hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið óskað að samráðsnefndin taki erindið til efnislegrar umfjöllunar.

Verkefnastjóri sagði frá bréfum sem sent hafa verið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ekki borist svör við. Um er að ræða annars vegnar bréf þar sem sótt var um viðbótarfjármagn vegna neyðarþjónustu á Vestfjörðum og hins vegar er bréf þar sem sótt er um viðbótarfjármagn vegna starfsmannakostnaðar í upphafi árs 2011. Óskar stjórn að erindum BsVest verði svarað.

Stjórn BsVest ítrekar að öllu þessu máli verði hraðað og kallað eftir svörum aðila þar sem það á við og gögn málsins lögð fyrir samráðsnefnd og velferðarráðherra ef ekki næst viðundandi niðurstaða. Að óbreyttu blasir við, að á næstu árum muni rekstrarhalli ársins 2011 seinka og hugsanlega skerða alla framþróun í starfsemi BsVest og félagsþjónustusvæðanna á Vestfjörðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið, kl 16.15.